



Reykjavík, 13. júlí 2009

## GREINARGERÐ UM ATHUGASEMDIR ER BÁRUST UMHVERFISSTOFNUN VIÐ AUGLÝSTA STARFSLEYFISTILLÖGU FYRIR SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

### INNGANGUR

Í október sl. barst Umhverfisstofnun umsókn frá Sorpstöð Suðurlands bs., dagsett 6. október 2008, um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstað að Kirkjuferjuháleigu. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að nýju starfsleyfi á tímabilinu 14. apríl – 12. júní 2009 og bárust átta athugasemdir við tillöguna, þar af voru fimm samhljóða undirskriftalistar:

1. Veiðifélag Árnesinga.
2. Landeigendur að Kaldaðarnesi I og II og Hreiðurborg.
3. Undirskriftalisti undirritaður af 26 einstaklingum.
4. Undirskriftalisti undirritaður af 48 einstaklingum.
5. Undirskriftalisti undirritaður af 24 einstaklingum.
6. Undirskriftalisti undirritaður af 27 einstaklingum.
7. Undirskriftalisti undirritaður af 31 einstaklingi.
8. Bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss.

Hér verður fjallað um athugasemdirnar og afstöðu Umhverfisstofnunar til þeirra.

### ATHUGASEMDIR

#### ATHUGASEMDIR ER SNÚA AÐ ÁKVÖRÐUN UM ÚTGÁFU STARFSLEYFIS OG GILDISTÍMA ÞESS

1. Veiðifélag Árnesinga óskaði eftir að Umhverfisstofnun gerði grein fyrir á hvaða lagagrundvelli ákvörðun um framlengingu starfsleyfis sé byggð.
  - Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir urðun úrgangs í samræmi við 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
  - Jafnframt eru starfsleyfi fyrir urðun úrgangs gefin út í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
2. Veiðifélag Árnesinga óskaði skýringa á því hvers vegna Umhverfisstofnun hefur frumkvæði að þessari starfsleyfistillögu og hvaða lögum og málefnalegu rök séu fyrir þeirri ákvörðun að framlengja starfsleyfið til næstu 16 ára. Jafnframt vakti það athygli landeigenda að Kaldaðarnesi og Hreiðurborg að Umhverfisstofnun fari á undan með að tryggja starfsemi starfsleyfi til 16 ára og óska þeir eftir skýringum á hvaða grundvelli slík ákvörðun er tekin.
  - Umhverfisstofnun barst umsókn frá Sorpstöð Suðurlands bs., dagsett 6. október 2008, um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðunarstaðinn að Kirkjuferjuháleigu.



Umhverfisstofnun hefur það lögbundna hlutverk að veita urðunarstöðum starfsleyfi og hófst því handa við að útbúa starfsleyfistillögu sem nú hefur verið auglýst. Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að starfsleyfi skuli gefin út til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er því eftirlátið að ákveða lengd gildistíma þess en gert er ráð fyrir að starfsleyfið sé endurskoðað að jafnaði á fjögurra ára fresti. Til að gæta jafnræðis hefur Umhverfisstofnun mótað þá almennu reglu við útgáfu starfsleyfa að þau séu gefin út til 16 ára í senn þegar um er að ræða starfsemi sem áður hefur haft starfsleyfi. Í sumum tilvikum kunna að vera sjónarmið til staðar sem leiða til þess að eðlilegt sé að víkja frá þessari almennu reglu, svo sem ef sótt er um starfsleyfi til skemmri tíma. Í ljósi þeirra athugasemda sem bárust Umhverfisstofnun við auglýsta starfsleyfistillögu óskaði stofnunin eftir sjónarmiðum Sorpstöðvar Suðurlands varðandi gildistíma starfsleyfisins og tillögu að ásættanlegri lengd hans, með bréfi dagsettu 16. júní 2009. Í svarbréfi Sorpstöðvarinnar, dagsettu 8. júlí 2009, kemur fram að hún telji ekki ástæðu til að breyta gildistíma starfsleyfis frá auglýstri starfsleyfistillögu. Með vísan til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga hefur Umhverfisstofnun því ákveðið að gefa út starfsleyfi fyrir Sorpstöð Suðurlands bs. með gildistíma til næstu 16 ára.

3. Landeigendur að Kaldaðarnesi og Hreiðurborg óskuðu eftir svari frá Umhverfisstofnun um hvort stofnuninni sé kunnugt um að hætta eigi starfseminni í desember 2009 og Veiðifélag Árnesinga óskaði eftir skýringum á því hvernig það samrýmist að veita starfsleyfi til 16 ára þegar fyrir liggja ákvörðun sveitarfélaganna um að hætta starfsemi næstkomandi desember. Einnig kemur fram í undirskriftalistum að það skjóti skökku við að veita starfsleyfi til 16 ára þegar fyrir liggja að samningur milli Sveitarfélagsins Ölfuss og Sorpstöðvar Suðurlands um leyfi til urðunar sorps renni út 1. desember 2009. Jafnframt telur bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss eðlilegt að útgefið starfsleyfi taki mið af samþykkt bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss, frá 30. október 2008, varðandi lokun Kirkjuferjuháleigu 1. desember 2009.
  - Sorpstöð Suðurlands bs. sótti um endurnýjun starfsleyfis fyrir urðun úrgangs að Kirkjuferjuháleigu og verður Umhverfisstofnun að gera ráð fyrir að umsóknin endurspegli vilja sveitarfélaganna sem standa að byggðasamlaginu. Í umsókninni kom fram að rekstartími urðunarstaðarins sé samkvæmt samningi við Sveitarfélagið Ölfus ákveðinn til 1. desember 2009 en ekki var sótt sérstaklega um starfsleyfi til svo skamms tíma. Ljóst er að hvers konar landnotkun, þ.m.t. urðun úrgangs, krefst þess að sá sem nýtir landið hafi til þess viðunandi heimildir. Það er hins vegar hvorki í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir né í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs að finna ákvæði sem kveða á um að eitt af skilyrðum starfsleyfis sé að fyrir liggja samningur milli rekstraraðila og sveitarfélags, sem leyfi urðun á svæðinu, enda fellur könnun á slíkum nýtingarheimildum ekki undir mengunarvarnir. Það er því mat stofnunarinnar að samningar sem umsækjandi starfsleyfis gerir séu hvorki forsenda fyrir útgáfu starfsleyfis né að taka beri tillit til þeirra við ákvörðun gildistíma starfsleyfis. Starfsleyfi er einungis eitt þeirra skilyrða sem urðunarstaður þarf að uppfylla til að geta starfað á lögmætan hátt og er það á ábyrgð rekstraraðilans að afla allra tilskilinna leyfa. Rekstraraðili sækir um starfsleyfi fyrir urðunarstað á tilteknu svæði og það er á hans valdi að semja við sveitarfélag, landeiganda eða aðra aðila um notkun svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar skiptir ekki máli hvort rekstraraðili gerir samninga við þessa aðila fyrir eða eftir útgáfu starfsleyfis.



4. Landeigendur að Kaldaðarnesi og Hreiðurborg óskuðu eftir svari frá Umhverfisstofnun um hvort stofnuninni sé kunnugt um að standi til að breyta starfsemi með einhverjum hætti.
  - Umhverfisstofnun hafa ekki borist erindi er varða breytingar á starfsemi Sorpstöðvarinnar. Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að auglýst starfsleyfistillaga, og nú útgæfið starfsleyfi, veitir einungis heimild til að starfrækja urðunarstað að Kirkjuferjuháleigu en ekki aðra starfsemi. Þó er veitt heimild til að gera tilraunir á urðunarstaðnum með endurvinnslu úrgangs í samráði við Umhverfisstofnun. Sambærilegt ákvæði var í fyrra starfsleyfi urðunarstaðarins og er einungis um að ræða tilraunastarfsemi sem Umhverfisstofnun getur hafnað eða stöðvað hvenær sem er ef hún telur mengun eða óþægindi frá henni óásættanleg. Umræddu ákvæði hefur verið breytt frá auglýstri starfsleyfistillögu þannig að í útgæfnu starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili skuli gera grein fyrir tilgangi og markmiðum tilraunastarfseminnar áður en að henni komi, sem og þeim aðgerðum sem hann telji nauðsynlegar til að koma í veg fyrir mengun, óþrifnað og ónæði frá henni.

## **ATHUGASEMD ER SNÝR AÐ ÞVÍ MAGNI SEM STARFSLEYFISTILLAGAN VEITIR HEIMILD TIL AÐ URÐA OG SAMRÆMI VIÐ DEILISKIPULAG SVÆÐISINS**

1. Í undirskriftalistum segir að urðað hafi verið að Kirkjuferjuháleigu um árabíl í andstöðu við gildandi deiliskipulag, eins og staðfest var með úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála árið 2008, og bent á harða andstöðu nágretta Sorpstöðvarinnar. Tekið er fram að hæðartakmörk deiliskipulags hafi ekki verið virt og það sagt óábyrgt að leggja til að 480 þúsund tonn af sorpi sé bætt við til urðunar á svæði sem engan veginn er í stakk búið til að taka við því magni. Ljóst sé að deiliskipulag svæðisins veiti ekki svigrúm til frekari sorpmóttöku.
  - Samkvæmt 4. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, er það Skipulagsstofnun sem hefur eftirlit með framkvæmd þeirra og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Umhverfisstofnun er ekki stjórnvald í skipulags- og byggingarmálum og kemur því ekki að ákvarðanatöku eða eftirliti í slíkum málum. Þetta þýðir að mögulegt er að breyta skipulagi á viðkomandi urðunarstað á gildistíma starfsleyfis án þess að Umhverfisstofnun hafi þar ákvörðunarvald. Eina skilyrðið varðandi skipulagsmál sem sett er við vinnslu starfsleyfis er að staðfest afrit af deiliskipulagi fylgi starfsleyfisumsókn, sbr. reglugerð nr. 785/1999. Sorpstöð Suðurlands sendi afrit af deiliskipulagi, sem staðfest var af umhverfisráðherra 11. apríl 1994, með umsókn sinni.
  - Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er ekki gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun synji umsækjanda um útgáfu starfsleyfis á þeim grundvelli að starfsemin kunni að brjóta í bága við skipulag, enda eru það önnur stjórnvöld sem hafa eftirlit með því og hafa heimildir til ráðstafana sé starfsemin ekki í samræmi við skipulag, eins og fram kemur hér að ofan. Það er hins vegar ljóst að umrædd starfsemi þarf að uppfylla ákvæði hvort tveggja starfsleyfis og skipulags til að geta starfað á lögmætan hátt. Í tilfelli Sorpstöðvar Suðurlands heimilar Umhverfisstofnun með útgáfu starfsleyfis að urða allt að 30 þúsund tonn á ári, enda geti staðurinn með góðu móti annað því árlega magni án þess að mengun fari yfir þau umhverfismörk sem sett eru. En það er skipulag svæðisins sem setur mörk varðandi heildarmóttökugetu þess, en eins og fram kemur hér að ofan þá er það ekki Umhverfisstofnun að hafa eftirlit með því eða að taka tillit til þess við útgáfu starfsleyfis.



## ATHUGASEMDIR ER SNÚA AÐ MÖGULEGRI MENGUN FRÁ URÐUNARSTAÐNUM

1. Veiðifélag Árnésinga telur urðunarstaðinn að Kirkjuferjuháleigu vera ógn við viðkvæmt lífríki í og við Ölfusá og landeigendur að Kaldaðarnesi og Hreiðurborg segja fjölbreyttri náttúru svæðisins stafa hættu af starfsemi vegna mengunar.
  - Allt sigvatn frá urðunarstaðnum er hreinsað áður en það er leitt í Ölfusá. Rennsli hreinsaðs sigvatns frá urðunarstaðnum er alla jafna innan við 2 L/s á meðan meðalrennsli Ölfusár við Selfoss er um 375.000 L/s og lágmarksrennsli um 200.000-250.000 L/s. Það má því reikna með að þynning hreinsaðs sigvatns sé að meðaltali ekki lægri en 187.500-föld eftir að það hefur blandast árvatninu að fullu og aldrei minni en 100.000-föld. Í umsögn Orkustofnunar um urðunarstaðinn, frá árinu 1993, kemur fram að gera megri ráð fyrir mjög hraðri blöndun sigvatns við árvatn; þynning sigvatnsins sé strax a.m.k. 1000-föld við það að renna út í ána og svo að segja strax a.m.k. 10.000-föld. Í umsögninni er svo vatnsmikill straumvatnsviðtaki, sem Ölfusá er, talinn urðunarstaðnum til helstu kosta. Í umsögninni er þess einnig getið að grunnvatnsstreymi sé ekki frá urðunarstaðnum að Ölfusforum og því sé ekki um mengunarhættu þar að ræða. Í því sambandi vill Umhverfisstofnun jafnframt benda á að urðunarstaðurinn er með tilbúna þéttingu í botni og því er afar ólíklegt að óhreinsað sigvatn komist niður í grunnvatn á svæðinu.
  - Sem hluti af eftirliti og vöktun með mengun frá svæðinu hafa verið tekin sýni af vatni og seti úr Ölfusá, hvort tveggja ofan og neðan við innrennsli sigvatns frá urðunarstaðnum. Niðurstöður efnagreininga á þessum sýnum benda ekki til þess að lífríki árinna stafi hættu af mengun frá staðnum. Engin aukning er á styrk þungmálma neðan við innrennsli sigvatnsins, hvorki í árvatni né seti, og er styrkurinn vel innan þess sem eðlilegt getur talist. Eini efnisþátturinn sem á stundum hefur mælst í hærra lagi í árvatni neðan við innrennslið er næringarefnið ammóníum ( $\text{NH}_4^+$ ) sem myndast meðal annars við niðurbrot úrgangs. En sé tekið mið af styrk ammóníums í óþynntu, hreinsuðu sigvatni frá urðunarstaðnum þá má fastlega gera ráð fyrir að eftir fulla blöndun við Ölfusá sé styrkur efnasambandsins lágur og vel innan umhverfismarka sem sett eru í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
  - Umhverfisstofnun bendir á, varðandi mögulega mengun frá urðunarstaðnum, að viðhaldi hans og vöktun lýkur ekki við lokun hans því rekstraraðili ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins og vöktun í allt að 30 ár frá lokun, sbr. 26. gr. laga nr. 55/2003.
2. Landeigendur að Kaldaðarnesi og Hreiðurborg segja fjölbreyttri náttúru svæðisins stafa hættu af starfsemi vegna þúsunda máva sem haldi sig við og á haugunum.
  - Í greinargerð Jóhanns Óla Hilmarssonar, fuglafræðings, sem unnin var fyrir jarðfræðistofuna Stapa árið 1993 kemur fram að mávar sé önnur tveggja fuglategunda sem verpa hvað þéttast á Ölfusársvæðinu. Greinargerðin var unnin áður en urðun hófst að Kirkjuferjuháleigu. Á svæðinu í kringum urðunarstaðinn var því mikið af mávi áður en urðun hófst og má ætla að mávurinn myndi halda sig á svæðinu þótt urðun yrði hætt.
  - Meðal annars til þess að koma í veg fyrir ágang meindýra og að fugl hafi æti á urðunarstaðnum er gerð sú krafa að úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein sé samdægurs birgður með þekjuefni, sbr. gr. 4.3 í auglýstri starfsleyfistillögu. Samkvæmt sömu grein skal rekstraraðili sjá til þess að meindýr, t.d. vargfuglar, hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðinu.



3. Landeigendur að Kaldaðarnesi og Hreiðurborg segjast lengi hafa þurft að þola að reglulega leggi mikinn óþef frá haugunum.
  - Grein 2.1 í auglýstri starfsleyfistillögu kveður á um að við alla meðhöndlun úrgangs skuli tryggt að hann valdi ekki óþrifnaði eða ónæði, svo sem ólykt. Meðal annars með það að markmiði að koma í veg fyrir ólykt frá urðunarstaðnum er gerð sú krafa að úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein sé samdægurs birgður með þekjuefni, sbr. gr. 4.3 í auglýstri starfsleyfistillögu. Dugi þessi ráðstöfun ekki til er Umhverfisstofnun heimilt að krefja Sorpstöðina um úrbætur. Í þessu sambandi er rétt að nefna að það er mikilvægt að íbúar í nágrenni urðunarstaðarins láti Umhverfisstofnun tafarlaust vita ef vart verður við ólykt eða önnur óþægindi frá staðnum svo stofnunin geti kannað málið og brugðist við í átt til úrbóta, í samráði við Sorpstöðina.
  
4. Í undirskriftalistum er bent á nálægð Sorpstöðvarinnar við laxveiðiá, blómleg landbúnaðarhéruð, útivistarparadís og þéttbýli og áhrif hugsanlegrar mengunar þar á.
  - Umhverfisstofnun lítur svo á að svörin þrjú hér að ofan taki á þessari athugasemd.
  - Umhverfisstofnun bendir á að kröfur sem settar eru fram í auglýstri starfsleyfistillögu um mengunarvarnir og innra eftirlit rekstraraðila eru að fullu í samræmi við kröfur sem settar eru í viðkomandi löggjöf.